

Mánudaginn 12. mars 1990.

Nr. 448/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Skúla Friðrikssyni

(Jón Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ómerking að hluta. Heimvísun. Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi samkvæmt ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 31. október 1989 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar og lengingar ökuleyfissviptingar. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákærvaldsins með vísun til dóma Hæstaréttar í málum nr. 120/1989 og nr. 240/1989, sem uppkveðnir voru 9. og 12. janúar sl., „að hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa fyrir sakadómi Kjósarsýslu, að því er varðar ákæru, útgefna 30. mars 1989, verði felld úr gildi og málinu verði að því leyti vísað heim í hérað til lögleggrar meðferðar og dómsálagningar“. Að því er varðar ákæru, útgefna 21. nóvember 1988, er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Verjandi ákærða tekur undir kröfur ákærvaldsins varðandi ákæru, útgefna 30. mars 1989. Að því er varðar ákæru, útgefna 21. nóvember 1988, krefst hann þess, að refsíákvörðun verði lækkuð og sviptingartími stytur.

I.

Fulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði, en sá embættismaður er jafnframt lögreglustjóri þar. Sakarefni það, sem ákæran frá 30. mars 1989 tekur til, var rannsakað af lögreglunni í Hafnarfirði. Ekkert liggur fyrir um afskipti fulltrúans af þessum þætti málsins, á meðan hann var til meðferðar hjá lögreglu. Með

vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður engu að síður talið, að sýslumanninum í Kjósarsýslu og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa sakarefnis. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Kjósarsýslu, að því er varðar ákærana frá 30. mars 1989, og vísa málinu að því leyti heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

II.

Ákærði neitar ekki að hafa ekið yfir löglegum hámarkshraða, þá er hann var stöðvaður af lögreglu fimmtudaginn 13. október 1988, svo sem greint er frá í ákæru frá 21. nóvember 1988. Telst fullsannað með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms að öðru leyti, að ákærði hafi gerst sekur um það brot, sem í ákærunni greinir. Þá er brot hans réttilega fært til refsíákvæða í ákærunni. Samkvæmt 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ákveðst refsing ákærða 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í hennar stað, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, sem birt var 13. október 1988. Með hinum áfrýjaða dómi var hann sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá þeim tíma. Sviptingartíminn var þannig útrunninn 13. desember sl. Ákærði hefur ekki aflað sér ökuleyfis á ný. Rétt þykir, eins og nú er komið málum, að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis í 6 mánuði vegna þessa þáttar málsins.

Dæma ber ákærða til að greiða helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði.

Það athugast, að héraðsdómara var rétt að hlutast til um, að farþegi ákærða á bifhjólinu kæmi fyrir dóm til skýrslugjafar. Þá bar honum að inna ákærða eftir því í upphafi þinghalds 8. september sl., þá er ákærði kom fyrst fyrir dóm, hvort hann óskaði eftir verjanda.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir sakadómi Kjósarsýslu, að því er varðar ákæru 30. mars 1989, eru felld úr gildi og málinu að því leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Ákærði, Skúli Friðriksson, greiði 20.000 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa, en sæti ella 8 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 13. október 1988.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmans, sem ákveðast alls 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 13. október 1989.

Árið 1989, föstudaginn 13. október, er á dómþingi Kjósarsýslu (sic), sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 2815 og 2831/1988: Ákærvaldið gegn Skúla Friðrikssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. september sl., er höfðað með 2 ákærskjölum ríkissaksóknara, dags. 21. nóvember 1988 og 30. mars 1989, á hendur Skúla Friðrikssyni, Byggðarholti 11, Mosfellsbæ:

I. Fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 13. október 1988 bifhjólinu G-20017 austur Vesturlandsveg í Kjósarsýslu með allt að 185 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að Blikastöðum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II. Fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 20. október 1988, sviptur ökuréttindum, bifhjólinu G-20017 frá Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar, aka því með allt að 114 kílómetra hraða suður Hafnarfjarðarveg við Arnarneslæk og sinna þar ekki stöðvunarmerkjum lögreglunnar, heldur aka á undan henni með allt að 150 kílómetra hraða miðað við klukkustund suður þann veg og inn í Hafnarfjörð, en þar tókst lögreglunni að stöðva akstur hans á Kaplahrauni við Hólshraun.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., staflíði a og b, 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 18. september 1968 í Kópavogi, hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1986 19/12 í Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 11.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr., l. nr. 65/1974, sbr. l. nr. 60/1980, og 9. gr. l. nr. 75/1982, sbr. l. nr. 13/1985, og 2., sbr. 10. gr. rg. nr. 16/1986, sbr. 77. gr. hgl.

Málavextir.

I.

Fimmtudaginn 13. október 1988 kl. 1.50 voru lögglumennirnir Guðbrandur Hansson og Guðmundur Sigmundsson staddir í lögglubifreiðinni R-20015 við Vesturlandsveg á vegarkafla móts við Blikastaði. Lögglubifreiðin sneri að Reykjavík, og var ratsjá beint að umferð, sem kom frá Reykjavík í átt að Mosfellsbæ. Á framangreindum tíma veittu lögglumenn fyrst athygli bifhjólínu G-20017, sem ekið var á mikilli ferð fram úr bifreið á sömu leið, þ.e.a.s. á leið frá Reykjavík í átt að Mosfellsbæ, talsvert langt frá mælingastað, og hraði þess síðan aukinn að mun. Samkvæmt skýrslu lögglumannanna náðu þeir að mæla hraða bifhjólsins með ratsjánni, og sýndi ratsjain töluna 185 km m/v klst.

Guðbrandur Hansson lögglumaður, Birtingakvisl 20, Reykjavík, gaf skýrslu vegna málsins fimmtudaginn 13.10.1988 hjá rannsóknardeild lögglunnar í Reykjavík. Vitnið kvaðst hafa setið undir stýri lögglubifreiðarinnar, er áðurgreind atvik gerðust, og hafi hinn lögglumaðurinn setið í farþegasæti við hlið hans. Hann kvaðst þá hafa verið með ratsjá tendraða, og allt í einu hafi þeir orðið varir við hjól, sem ekið hafi verið mjög hratt og ógætilega og m.a. fram úr bifreið í beygju, sem er á veginum. Hjólínu hafi greinilega verið ekið mjög hratt, og hafi það sést gleggst, er því var ekið fram úr bifreiðinni, því að þá hafi sést hraðamunur ökutækjanna. Er ratsjargeislinn hafi náð hjólínu, hafi aðeins ein tala komið inn á skjá ratsjárinnar, og hafi hún sýnt, að hjólínu var ekið með 185 km m/v klst. Þá hafi hinn lögglumaðurinn læst töluna fasta í skjánum.

Vitnið sagði þetta hafa borið svo hratt að, að þeir hafi ekki náð að stöðva hjólið með bendingum, þaðan sem þeir voru staddir, heldur hafi þeir orðið að elta hjólið á lögglubifreiðinni, og hafi þeir ekki náð að stöðva ferð bifhjólsins fyrr en rétt vestan megin við Þverholt í Mosfellsbæ. Hann sagðist hafa orðið að beita lögglubifreiðinni verulega í þessari eftirför, en hann kvaðst ekki geta sagt til um hraða þann, sem hann hafi ekið á í eftirförinni, og að í eftirförinni hafi þeir misst augnablik sjónar af bifhjólínu, en það hafi verið á móts við Lágafell. Þetta hafi verið mjög skömm stund, en þeir hafi séð það aftur, er því var ekið í hringtorginu við Langa-tanga.

Vitnið kvaðst vilja taka það fram, að er bifhjólínu var ekið fram hjá þeim, þar sem þeir voru í lögglubifreiðinni utan vegar, hafi það verið

sem hendi væri veifað, svo hratt hafi það borið hjá, en annars væri vart í orðum hægt að lýsa þessum akstri.

Vitnið sagði, að er þeir hafi náð að stöðva hjólið og hafi kynnt öku-
manni, sem var ákærði í máli þessu, Skúli Friðriksson, þann hraða, sem
þeir mældu með ratsjánni, hafi hann strax sagt, að þetta væri rugl. Hann
hafi mest ekið á um 120 km hraða m/v klst., og hafi honum fundist þessi
akstur sinn vera í lagi og ekkert við hann athugavert.

Þá tók vitnið fram, að eftir að bifhjólinu hafði verið ekið fram úr bifreið
þeirri, sem áður er getið og þarna var á ferð í sömu átt og hjólinu var
ekið, hefði ökumaður hjólsins verulega aukið hraðann. Enn fremur árétaði
vitnið, að eina talan, sem komið hafi í ratsjána, hafi verið talan 185, og
hafi henni þá verið læst um leið.

Guðmundur Stefán Sigmundsson lögreglumaður, Fljótaseli 28, Reykja-
vík, gaf einnig skýrslu hjá rannsóknardeildinni í Reykjavík þennan sama
dag. Vitnið skýrði frá svipað og rakið var hér að framan. Vitnið sagði,
að það teldi, að bifhjólinu hafi verið ekið fram úr bifreiðinni í u.þ.b. 500
metra fjarlægð frá þeim stað, þar sem lögreglubifreiðinni hafi verið lagt.
Vitnið sagði, að eftir það hafi bifhjólinu sjáanlega verið gefið inn og hraði
þess aukinn mjög mikið. Þessu hafi fylgt mikill hávaði frá bifhjólinu. Það
hafi síðan komið inn á ratsjárgeislann á 185 km hraða um sama leyti. Vitnið
sagði, að talan 185 km hafi verið læst inni á glugga ratsjárinnar. Síðan hafi
verið ekið á eftir bifhjólinu og akstur þess stöðvaður skömmu síðar við
Þverholt. Þar hafi ökumaður bifhjólsins skýrt frá eins og áður var greint.
Þá sagði vitnið, að mældur hraði hafi ekki komið því svo á óvart, þar
sem það kvaðst hafa séð, að bifhjólinu var ekið á ógnvænlegum hraða.

Ákærði var færður á lögreglustöð að handtöku lokinni, og þar var tekin
af honum skýrsla.

Hann skýrði svo frá, að hann hafi verið ökumaður á bifhjólinu í umrætt
sinn. Hann kvaðst hafa verið að koma úr miðbæ Reykjavíkur og hafi ætlað
heim til sín í Mosfellsbæ. Er hann hafi ekið Vesturlandsveg frá Korpúlfs-
stöðum og út fyrir Úlfarsfellið, kvaðst hann hafa verið á um 120 km hraða
m/v klst. og hafi þar farið fram úr Saab-bifreið, sem hann kvaðst álíta,
að hafi ekið á um 90 km hraða m/v klst. Ekki kvaðst hann hafa veitt
annarri umferð í sömu átt athygli. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með hraða-
mæli, er aksturinn átti sér stað, en hann kvaðst hafa fylgst með snúnings-
hraðamæli og reiknað hraðann út frá því. Hann kvaðst hafa verið stöðv-
aður af lögreglunni skömmu síðar á Vesturlandsvegi við Þverholt og hafi
honum verið sýnd talan á ratsjártækinu og hafi hún verið 185. Hann kvaðst
vita, að sú tala gæti ekki staðist. Hann kvaðst vita, að hámarkshraði á
umræddum vegarkafli væri 90 km á klst. Þá kvaðst hann engu frekar hafa
við þetta að bæta og kvaðst álíta, að bifhjólið næði ekki 185 km á klst.

Í framhaldi af þessari skýrslutöku var ákærði samkvæmt ákvörðun lög-
reglustjórans í Reykjavík sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Í frumskýrslu lögreglunnar í máli þessu kom fram, að á bifhjólinu var
auk ákærða farþegi, Chandis Þór Marshall að nafni, til heimilis að Brekku-
tanga 40 í Mosfellsbæ.

Ákærði gaf skýrslu hér fyrir dóminum 8. september sl., er mál þetta var
þingfest. Hér fyrir dóminum sagði ákærði, að það, sem í skýrslum lögreglu-
manna stæði um atvikið 13. október 1988, sé „algjört rugl“. Þá óskaði
ákærði eftir að leggja fram sem dskj. læknisvottorð, dags. 5. september
sl., og var það lagt fram sem dskj. nr. 10.

Í vottorði þessu, sem er frá Borgarspítalanum, slysideild, kemur fram,
að daginn áður en umræddur akstur átti sér stað, voru gipsumbúðir teknar
af vinstri hendi ákærða, en þær hafði hann verið með frá 6. september
1988 vegna slyss, er hann hafði lent í á bifhjól.

Ákærði sagði hér fyrir dóminum, að það hefði verið óðs manns æði að
aka jafnhrott á bifhjólinu eins og lögregla segi, að hann hafi gert, í því
ástandi, sem hann var vegna þessa slyss. Þá sagði ákærði vegna þeirra
ummæla, sem eru í lögregluskýrslu, að bifhjólið næði ekki 185 km hraða
á klst., að þegar þetta gerðist, hafi verið bensinstifla í hjólinu. Þess vegna
hafi hann talið, að hjólið gæti ekki náð þessum hraða á þessum tíma. Þá
skýrði ákærði einnig frá því, að hann hafi þarna um nóttina beðið Árna
Vigfússon, varðstjóra á lögreglustöðinni í Reykjavík, um að hjólið yrði
prófað af lögreglu til að ganga úr skugga um þetta atriði. Ákærði sagði,
að er hann lét síðan sækja bifhjólið á lögreglustöðina í Reykjavík skömmu
eftir atvikið, hafi ekki bæst við 100 metrar á kílómetramæli hjólsins, og
þess vegna kvaðst hann vefengja, að nokkur prófun hefði farið fram hjá
lögreglunni. Þá hélt ákærði því fram fyrir dóminum, að hann héldi það
helst, að lögreglumennirnir, sem stöðvuðu hann, hafi mælt eitthvert annað
farartæki fyrr um kvöldið á 185 km hraða og geymt þá tölu inni í ratsjónni
og sýnt sér hana.

Árni Vigfússon, aðalvarðstjóri í lögreglulíðinu í Reykjavík, svo og lög-
reglumenn þeir, er að máli þessu unnu, voru yfirheyrðir sem vitni hér fyrir
dóminum 20. september sl.

Árni Vigfússon aðalvarðstjóri kvaðst muna það, að ákærði í máli þessu
hafi eitthvað talað um það þarna um nóttina, að bensinstifla væri í hjólinu.
Ekki kvaðst vitnið hafa lofað ákærða neinu um það, að prófun færi fram
á hjólinu, eins og ákærði hafi haldið fram. Þá sagði vitnið, að lögreglu-
menn myndu ekki prófa að aka bifhjól á þeim hraða, sem ákærði hefði
ekið á. Þá staðfesti vitnið hér fyrir dóminum nafnritanir sínar undir
skýrslu, er það tók af ákærða á lögreglustöðinni svo og sem vottur undir
ákvörðun um bráðabirgðasviptingu ökuleyfis.

Lögreglumennirnir Guðbrandur og Guðmundur skýrðu hér fyrir dómi frá á svipaðan hátt og þeir höfðu gert hjá rannsóknardeild lögreglunnar 13. október 1988.

Guðbrandur gat þess, að þar sem hinn meinti hraðakstur hafi átt sér stað, hafi yfirborð vegarins verið þurrt, en sagði, að yfirborð vegarins hafi verið orðið blautt, þar sem þeir stöðvuðu ákærða. Þá áréttaði vitnið, að það hafi séð með berum augum, að um ofsaakstur hafi verið að ræða, auk þess sem ratsjái hafi sýnt 185. Þá sagði vitnið, að þeir hefðu sett viðvör-unarljós og sírenur á, skömmu áður en bifhjólið var stöðvað.

Vitnið Guðmundur Stefán Sigmundsson sagði hér fyrir dómi, að vegur-inn hafi verið þurr, þar sem mælingin hafi farið fram. Þá sagði vitnið, að það minnti, að á móts við Hulduhóla, hafi yfirborð vegar verið orðið blautt, og er bifhjólið hafi komið á blauta kaflann, hafi dregið verulega úr hraða þess.

Bæði vitnin staðfestu nafnritanir sínar undir skýrslur, er þeir (sic) höfðu gefið hjá lögreglu.

Það athugast, að við lögreglurannsókn í máli þessu láðist að taka skýrslu af farþeganum, sem var á bifhjólinu, er framangreindur akstur átti sér stað. En með vísan til skýrslna lögreglumanna, endurrits úr ratsjarmælingadag-bók, er lagt hefur verið fram í málinu, og þrátt fyrir neitun ákærða telst fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um það brot, sem honum er hér að sök gefið.

II.

Föstudaginn 21. október 1988 kl. 3.00 voru lögreglumenn staddir í lög-reglubifreiðinni G-10006 á Hafnarfjarðarvegi rétt sunnan Arnarneshæðar. Lögreglumenn mældu með ratsjá hraða bifhjóls, G-20017, af gerðinni Suzuki 1100, sem ekið var suður veginn. Samkvæmt ratsjái hafi hraði bifhjólsins 114 km á klst. Ákærði í máli þessu var ökumaður hjólsins, en farþegi á hjólinu var Margrét Jónasdóttir, Ægisíðu 64 í Reykjavík. Ákærða var gefið stöðvunarkerki með því að tendra blá ljós á þaki lögreglubifreiðar og einnig með því að blikka háu ljósunum. En er ákærði varð lögreglu-bifreiðarinnar var, jók hann hraða hjólsins og ók á ofsaferð suður Hafnar-fjarðarveg. Lögreglumennirnir veittu hjólinu þegar eftirför og höfðu jafn-framt samband við lögreglumenn, sem staddir voru í Hafnarfirði, og báðu um aðstoð. Lögreglumennirnir óku á eftir bifhjólinu suður Hafnarfjarðar-veg og inn í Engidal, þar sem var síðan beygt til vinstri Hafnarfjarðarveg og síðan af Hafnarfjarðarvegi til vinstri norður Flatahraun, en þá voru tveir aðrir lögregluþjónar komnir á annarri lögreglubifreið þeim til aðstoðar. Þeir óku á eftir bifhjólinu norður Flatahraun til vinstri vestur Kaplahraun og tókst síðan að stöðva akstur bifhjólsins á Kaplahrauni við Hólshraun.

Í eftirförinni af Hafnarfjarðarvegi var lögreglubifreiðinni G-10006 ekið á 140 km hraða á eftir bifhjólinu, en þrátt fyrir það dró í sundur með þeim.

Ákærði viðurkenndi brot sitt fyrir lögreglu. Hann játaði að hafa gefið hjólinu inn til að reyna að komast undan lögreglunni. Ekki kvaðst hann hafa hugmynd um, hve hratt hann hefði ekið suður Hafnarfjarðarveg, en er honum var sýnd talan 114 km ratsjárinnar, kvaðst hann ekki rengja þá mælingu. Ákærði hafði, eins og fram kemur hér að framan, verið sviptur ökuleyfi í Reykjavík viku áður en þetta gerðist. Þá sögðu lögreglumenn, að skráningarnúmer bifhjólans G-20017 hefði verið illlæsilegt sökum þess, að á það hafi verið borið tektíl.

Ákærði gaf skýrslu vegna þessa máls 21. febrúar 1989 hjá lögreglunni í Reykjavík. Þar játaði ákærði að hafa ekið eins og lýst er að framan. Hann kvaðst hafa ákveðið að gefa í, þegar hann sá blikkljósinn hjá lögreglunni. Hafi hann ætlað að reyna að komast undan lögreglunni, vegna þess að hann var sviptur ökuréttindum. Þá játaði ákærði að hafa sennilega ekið á 150 km hraða eftir Hafnarfjarðarvegi. Hann sagði nokkra umferð hafa verið og hafi hann sveigt á milli bíla. Hann sagði lögregluna sennilega hafa tafist í eftirförinni vegna umferðar, sem ekki hafi háð honum mikið. Lögreglan hafi síðan náð að stöðva hann á Kaplahrauni. Þá sagði ákærði, að bifhjólið væri mjög öflugt, og væri hann enga stund að koma því upp í þann hraða, sem hann hafi nefnt áður. Þá kvaðst ákærði gera sér fyllilega ljóst, að þetta hafi verið glæfraakstur hjá sér. Ástæðan hafi ekki verið önnur en sú, að hann hafi ekki viljað lenda í lögreglunni, vegna þess að hann var sviptur ökuréttindum. Þá sagði ákærði, að honum dytti ekki í hug að rengja hraðamælingu lögreglunnar, þar sem hann hafi verið mældur með ratsjónni á 114 km hraða.

Lögreglumenn þeir, Guðmundur Andrés Jónsson og Gylfi Sigurðsson, sem voru í lögreglubifreiðinni G-10006, gáfu skýrslur hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Hafnarfirði 23. og 30. nóvember vegna þessa máls. Var framburður þeirra samhljóða og í samræmi við lýsingu hér að framan, og er ekki ástæða til að rekja það frekar.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt það brot, sem honum er hér að sök gefið.

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglu og öðrum gögnum þykir fullsannað, að ákærði hefur framið brot það, sem honum er að sök gefið í ákærinni, sem útgefin er 30. mars 1989.

Niðurstöður.

Brot ákærða teljast rétt færð til refsíákvæða í ákæruskjölum í máli þessu. Refsing ákærða, sem ákveðst samkvæmt 100. gr. laga nr. 50/1987, telst hæfilega ákveðin kr. 50.000 sekt til ríkissjóðs, er greiðast skal innan

4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella skal ákærði sæta varðhaldi í 25 daga í stað sektarinnar.

Þá þykir rétt með skírskotun til 101. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi í 14 mánuði frá 13. október 1988 að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Skúli Friðriksson, greiði kr. 50.000 sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella varðhaldi í 25 daga í stað sektarinnar.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá 13. október 1988 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
